



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Atvinnuvegaráðuneyti

Borgartúni 26
105 Reykjavík

Vesturbyggð, 26. maí 2025
2505039 GBS

Efni: Umsögn um mál 298. - Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

Bæjarráð Vesturbyggðar tók málið fyrir á 25. fundi sínum þar sem eftirfarandi var bókað:

Lagt fram frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu) lagt fyrir til umsagnar:

Bæjaráð Vesturbyggðar fagnar framlagningu frumvarpsins enda kom kvótasetning á grásleppu sérstaklega illa út fyrir rekstraraðila í Vesturbyggð þar sem nýleg veiðireynsla var ekki metin til kvóta.

Patreksfjörður var sú höfn sem kom verst út í kvótasetningu á grásleppu sem tók gildi 1.september 2024. Grásleppuveiðar eru að mestu bundnar við ákveðin landsvæði, einkum á Vestfjörðum, og skipta miklu fyrir útgerð í Vesturbyggð. Þar eru þessar veiðar mikilvægur hluti af heildarmynstri smábátaútgerðar. Í Vesturbyggð hefur átt sér stað nýliðun í greininni, þar sem einstaklingar hafa hafið smábátaútgerð með áherslu á grásleppu, sem hefur reynst lykilkáttur í árstekjum þeirra. Með því að sameina grásleppuveiðar og strandveiðar hefur tekist að lengja veiðitímabilið og skapa stöðugri grundvöll fyrir rekstur smábáta.

Bæjarráð Vesturbyggðar getur ekki séð að sú breyting á lögum um grásleppu sem gerð voru þjóni hagsmunum atvinnugreinarinnar né nytjastofnsins og þar með ekki hagsmunum almennings.

Virðingarfyllst,

Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri

